

REGLUR

Súðavíkurhrepps um liðveislu.

1. gr.

Skilgreining.

Liðveisla er veitt samkvæmt 24. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun t.d. aðstoð við að njóta menningar og félagslifs. Liðveisla er ekki ætluð til að aðstoða við athafnir daglegs lífs.

2. gr.

Réttur til liðveislu.

Rétt til liðveislu samkvæmt reglum þessum hafa einstaklingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Að vera andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnaðast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum (sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992).
2. Að hafa lögheimili og búsetu í Súðavíkurhreppi og vera orðinn 6 ára eða eldri.

3. gr.

Umsóknir og mat á þjónustu.

Sótt er um liðveislu hjá félagsþjónustu á þar til gerðum eyðublöðum. Félagsmálastjóri metur þjónustuþörf og er þá tekið tillit til fötlunar, félagslegrar stöðu og annarrar þjónustu sem sá fatlaði nýtur. Heimilt er að óska eftir vottorðum eða greiningum um fötlun viðkomandi. Liðveisla skal að hámarki vera 30 tímar á mánuði, ef um verulega fötlun er að ræða. Að jafnaði skal liðveisla ekki samþykkt nema til 6 mánaða í senn og mun þá verða endurskoðuð.

4. gr.

Liðveitendur.

Félagsmálastjóri ræður liðveitendur til starfa og sér um faglega handleiðslu þeirra á starfstíma. Gerður er samningur við liðsmann um hvert verkefni þar sem kveðið er á um samningstímabil, mánaðarlega vinnuskyldu og skipulag starfs. Liðveitandi er bundinn þagnarskyldu, sem helst þótt látið sé af störfum. Súðavíkurhreppur greiðir laun liðveitenda og fara launakjör eftir samningum sveitarfélagsins og viðkomandi stéttarfélags. Starfsmönnum er óheimil fjárhagsleg umsýsla fyrir þjónustuþega. Auk þess sem þeim er óheimilt að taka við gjöfum, greiðslum eða öðru þess háttar frá þjónustuþega. Vinnuskýrslur liðveitanda skulu staðfestar af þjónustuþega, forráðamönnum eða talsmönnum, nema annað sé ákveðið. Vinnuskýrslum skal skila til launafulltrúa Súðavíkurhrepps fyrir 20. hvers mánaðar vegna launaútreikninga.

5. gr.

Kostnaður.

Liðveisla er gjaldfrjáls fyrir notendur hennar. Notendur greiða sjálfsir fyrir eigin útgjöld s.s. fyrir bíóferðir eða veitingar á kaffihúsi. Úttagður kostnaður liðveitanda er greiddur af

Nr. 1011

20. október 2008

sveitarféluginu upp að kr. 3.500 á mánuði og greitt er fyrir akstur að hámarki 150 km á mánuði. Akstur er greiddur samkvæmt kílómetragjaldi uppgefnu af skattstjóra hverju sinni.

6. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 24. gr. laga nr. 59/1992, voru samþykktar í félagsmála-nefnd Súðavíkurhrepps þann 17. september 2008 og í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps þann 9. október 2008, öðlast þegar gildi.

Súðavík, 20. október 2008.

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. nóvember 2008